

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1905

2016/EES/18/16

frá 22. október 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 að því er varðar prófun á olíum, fitu og afurðum sem eru fengnar úr þeim fyrir díoxíni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður ⁽¹⁾, einkum 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 183/2005 er mælt fyrir um almennar reglur um hollustuhætti sem varða fóður sem og skilyrði og fyrirkomulag til að tryggja að vinnsluskilyrði til að lágmarka hugsanlegar hættur og hafa eftirlit með þeim séu virt. Í henni er einnig kveðið á um að starfsstöðvar fóðurfyrirtækja skulu skráðar hjá eða samþykktar af lögbæru yfirvaldi. Þar að auki ber stjórnendum fóðurfyrirtækja á neðri stigum fóðurferlis skylda til að fá eingöngu fóður frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar.
- 2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 eru settar fram kröfur til fóðurfyrirtækja, annarra en þeirra sem eru á frumframleiðslustigi fóðurs. Þar er þess einkum krafist að prófunarkröfur fyrir díoxín, sem settar eru fram í fyrrgreindum viðauka, séu endurskoðaðar eigi síðar en 16. mars 2014.
- 3) Breyta ætti skilgreiningunni á afurðum, sem fengnar eru úr jurtaolíum, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 til að það komi skýrt fram að afurðir, sem eru fengnar úr hreinsaðri olíu, og fóðuraufefni sem eru leyfð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ⁽²⁾ falla ekki undir þá skilgreiningu.
- 4) Einnig ætti að breyta skilgreiningunni á fituefnablöndun, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005, til að skýra þann mun sem er á fituefnablöndun og geymslu eingöngu á samfelldum framleiðslulotum af fitu og olíum án þessa að blanda þær. Ennfremur ætti að skýra hvenær fitublöndur teljast vera fóðurböndur og hvenær þær eru fóðurefni.
- 5) Þar eð skynsamlegt er að greina afurðir sem greinilega eru díoxínmengaðar þegar þær fara inn í fóðurferlið ætti það að koma skýrt fram að kröfurnar um díoxínvöktun, sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005, gilda um alla stjórnendur fóðurfyrirtækja sem setja fóður á markað, þ.m.t. innflytjendur.
- 6) Í því skyni að tryggja rekjanleika fóðursins og réttar upplýsingar um það ætti að leggja áherslu á að farið sé að kröfum um merkingar, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 ⁽³⁾, einkum að því er varðar heiti, nákvæmar skilgreiningar og númer í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ⁽⁴⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 278, 23.10.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess (Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtið. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1).

- 7) Nauðsynlegt er að dæmigerða greiningin, sem krafist er fyrir mikið magn, fari fram á grundvelli dæmigerðs úrtaks. Hlutasýnin sem mynda safnsýnið skulu því tekin með reglulegu millibili, t.d. a.m.k. eitt hlutasýni fyrir hver 50 tonn, sem er í samræmi við ákvæði um sýnatöku sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ⁽⁵⁾.
- 8) Niðurstöður úr prófunum fyrir díoxíni, sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 183/2005, skýrslur ⁽⁶⁾ um endurskoðanir Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar og sú staðreynd að hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fôður ⁽⁷⁾ var ekki tilkynnt um neitt sýni úr afurðum sem fengnar eru úr jurtaolíum, að undanskildum fitusýrueimum úr eðlisfræðilegri hreinsun og lyktheyðingareimum (e. *deodistillate*), sem var ekki í samræmi við kröfur sýna að þessar afurðir skapa ekki mikla áhættu að því er varðar díoxínmengun. Því er rétt að draga úr kröfunum að því er varðar 100% prófanir fyrir díoxíni fyrir þessar afurðir sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005.
- 9) Í því skyni að skýra ábyrgðina í tengslum við prófanir fyrir díoxíni á innfluttum afurðum ætti að setja sértækt ákvæði í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005. Þetta ætti einnig að tryggja að innfluttar afurðir séu jafnöruggar og þær sem framleiddar eru í Sambandinu.
- 10) Breyta ætti kerfinu, sem komið er á með II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 í því skyni að staðfesta með vottorði að skyldubundin greining á tiltekinni framleiðslulotu hafi farið fram, með nokkrum nákvæmum skilgreiningum varðandi verkefni fyrir mismunandi stjórnendur fôðurfyrirtækja til að skýra ábyrgð hinna ýmsu aðila í fôðurferlinu.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði h-liðar í 2. lið b-liðar 3. mgr. viðaukans við þessa reglugerð gilda frá 23. apríl 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fôðri (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).

⁽⁶⁾ http://ec.europa.eu/food/fvo/audit_reports/index.cfm: Endurskoðunararnúmer 2013-6748, 2013-6749, 2013-6750, 2013-6751, 2013-6752, 2013-6753, 2014-7036, 2014-7037 og 2014-7038

⁽⁷⁾ http://ec.europa.eu/food/safety/rasff/portal/index_en.htm

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í þættinum sem ber yfirskriftina „SKILGREININGAR“ koma eftirfarandi b- og c-liðir í stað b- og c-liðar og eftirfarandi d-liður bætist við:

„b) „afurðir sem eru fengnar úr olíum og fitu“: allar afurðir sem eru fengnar beint eða óbeint úr óhreinsuðum eða endurheimtum olíum og fitu með vinnslu eða eimingu líffituefna eða lífdisilolíu, efna- eða eðlisfræðilegri hreinsun, aðrar en:

— hreinsaða olían,

— afurðir sem fengnar eru úr hreinsaðri olíu og

— fôðuraufefni,

- c) “fituefnablöndun”: framleiðsla á fôðurlöndu eða, ef allir efnisþættir tilheyra sömu færslu í C-hluta í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 (*) og koma frá sömu plöntu- eða dýrategund, fôðurefni með því að blanda óhreinsaða olíu, hreinsaða olíu, dýrafitu, olíu sem er endurheimt frá stjórnendum matvælafyrirtækja sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 852/2004 eða afurðir sem eru fengnar úr þeim til að framleiða olíu- eða fitublöndur, að undanskilinni:

— geymslu eingöngu á samfelldum framleiðslulotum og

— blöndun á eingöngu hreinsuðum olíum,

- d) „hreinsuð olía eða fita“: olía eða fita sem hefur verið hreinsuð eins og um getur í nr. 53 í orðalista með aðferðum í B-hluta viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 68/2013.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fôðurefni (Stjtið. ESB L 29, 30.1.2013, bls 1).“

- 2) Í þættinum sem ber yfirskriftina „FRAMLEIÐSLA“ kemur eftirfarandi í stað 8. liðar og eftirfarandi 9. liður bætist við:

„8. Það skal koma skýrt fram á merkingunni á afurðunum hvort þær eru ætlaðar í fôður eða til annarra nota. Ef því er lýst yfir að tiltekin framleiðslulota sé ekki ætluð til notkunar í fôður skal stjórnandi ekki breyta tilkynningunni síðar, á seinni stigum í keðjunni.

9. Merkingar á fôðurefnum skv. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 (**) skulu innihalda, ef unnt er, heitin eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 68/2013.

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fôðurs á markað og notkun þess (Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).“

- 3) Þættinum sem ber yfirskriftina „VÖKTUN DÍOXÍNS“ er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar í þeim þætti komi eftirfarandi:

„VÖKTUN DÍOXÍNS VEGNA OLÍA, FITU OG AFLEIDDRA AFURÐA“.

- b) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Til viðbótar við GáHMSS-kerfi stjórnanda fôðurfyrirtækisins skal framkvæma greiningarnar, sem um getur í 1. lið, með a.m.k. eftirfarandi tíðni (ef það er ekki tilgreint nánar skal framleiðslulotan sem er greind ekki vera yfir 1000 tonnum):

- a) Stjórnendur fôðurfyrirtækja sem vinna óhreinsaða jurtafitu- og olíur:

- i. 100% af framleiðslulotum þeirra afurða sem eru fengnar úr olíum og fitum úr jurtaríkinu, að undanskildu eftirfarandi:
 - glýseríni,
 - lesítíni,
 - gúmmíi,
 - afurðum sem um getur í ii. lið,
 - ii. súrar olíur úr efnafræðilegri hreinsun, sápuþætur, notuð hjálparefni til síunar, notaður bleikileir og innkomandi framleiðslulotur af hrárrí kókosfeiti skulu greind og skjalfest sem hluti af GáHMSS-kerfinu.
- b) Stjórnendur fóðurfyrirtækja sem framleiða dýrafitu, þ.m.t. vinnsluaðilar dýrafitu:
- i. ein dæmigerð greining á hverjum 5000 tonnum með a.m.k. einni dæmigerðri greiningu árlega á dýrafitu og afurðum sem fengnar eru úr henni og tilheyra efnunum í 3. flokki, eins og um getur í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (*) eða frá starfsstöð sem er samþykkt í samræmi við 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 (**).
- c) Stjórnendur fóðurfyrirtækja sem framleiða fisklýsi:
- i. 100% af framleiðslulotum fisklýsis ef það er framleitt úr:
 - afurðum sem eru fengnar úr fisklýsi, öðru en hreinsuðu fisklýsi,
 - fiski sem á sér enga vöktunarsögu, er af ótilteknum uppruna eða úr Eyrstrasaltinu,
 - aukaafurðum úr fiski frá starfsstöðvum, sem framleiða fisk til manneldis, sem eru ekki samþykktar af ESB,
 - kolmunna eða meinhaddi,
 - ii. 100% af þeim framleiðslulotum af afurðum, sem frá þeim fara, sem eru fengnar úr fisklýsi, öðru en hreinsuðu fisklýsi,
 - iii. ein dæmigerð greining á hver 2000 tonn að því er varðar fisklýsi sem ekki er getið um í i. lið,
 - iv. greina skal fisklýsi, sem hefur verið afmengað með opinberlega samþykktri meðhöndlun eins og um getur í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 (***), og það skjalfest sem hluti af GáHMSS-kerfinu.
- d) Líffituefnaíðnaður sem setur fóður á markað:
- i. 100% af innkomandi framleiðslulotum af dýrafitu, sem fellur ekki undir b- eða h-lið, fisklýsi, sem fellur ekki undir c- eða h-lið, olíum og fitu sem eru endurnýttar frá stjórnendum matvælafyrirtækja sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 852/2004 og af fitu- og oliublöndum,
 - ii. 100% af framleiðslulotum þeirra afurða sem eru fengnar úr olíum og fitu sem eru settar á markað sem fóður, að undanskildu eftirfarandi:
 - glýseríni,
 - hreinum, eimuðum fitusýrum úr sundrun,
 - afurðum sem um getur í iii. lið,
 - iii. óhreinsaðar fitusýrur úr sundrun, fitusýrur estraðar með glýseróli, ein- og tvíglýseríð af fitusýrum, sölt af fitusýrum og innkomandi framleiðslulotur af hrárrí kókosfeiti skulu greind og skjalfest sem hluti af GáHMSS-kerfinu.

- e) Lífdísilólíuviðnaður sem setur fóður á markað:
- i. 100% af innkomandi framleiðslulotum af dýrafitu, sem fellur ekki undir b- eða h-lið, fisklýsi, sem fellur ekki undir c- eða h-lið, olíum og fitu sem eru endurnýttar frá stjórnendum matvælafyrirtækja sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 852/2004 og af fitu- og olíublöndum,
 - ii. 100% af framleiðslulotum þeirra afurða sem eru fengnar úr olíum og fitu sem eru settar á markað sem fóður, að undanskildu eftirfarandi:
 - glýseríni,
 - lesitíni,
 - gúmmí,
 - afurðum sem um getur í iii. lið,
 - iii. Súrar olíur úr efnafræðilegri hreinsun, sápuþætur og hrá kókosfeiti skulu greind og skjalfest sem hluti af GáHMSS-kerfinu.
- f) Starfsstöðvar sem blanda fituefni:
- i. 100% af innkomandi framleiðslulotum af hrárrí kókosfeiti, dýrafitu, sem fellur ekki undir b- eða h-lið, fisklýsi, sem fellur ekki undir c- eða h-lið, olíum og fitu sem eru endurnýttar frá stjórnendum matvælafyrirtækja sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 852/2004, fitublöndur og -olíur og afurðir sem fengnar eru úr olíum og fitu, að undanskildu eftirfarandi,
 - glýseríni,
 - lesitíni,
 - gúmmí,
 - afurðum sem um getur í ii. lið,
 - ii. súrar olíur úr efnafræðilegri hreinsun, hráar fitusýrur úr sundrun, hreinar, eimaðar fitusýrur úr sundrun og sápuþætur skulu greind og skjalfest sem hluti af GáHMSS-kerfinu,

eða
 - iii. 100% af framleiðslulotum af fitu- og olíublöndum sem ætlaðar eru í fóður.

Stjórnandi fóðurfyrirtækis skal tilkynna lögbæru yfirvaldi hvaða möguleika hann kýs.
- g) Framleiðendur fóðurblandna fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, aðrir en þeir sem falla undir f-lið:
- i. 100% af innkomandi framleiðslulotum af hrárrí kókosfeiti, dýrafitu, sem fellur ekki undir b- eða h-lið, fisklýsi, sem fellur ekki undir c- eða h-lið, olíum og fitu sem eru endurnýttar frá stjórnendum matvælafyrirtækja sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 852/2004, fitublöndur og -olíur og afurðir sem fengnar eru úr olíum og fitu, að undanskildu eftirfarandi,
 - glýseríni,
 - lesitíni,
 - gúmmí,
 - afurðum sem um getur í ii. lið,
 - ii. súrar olíur úr efnafræðilegri hreinsun, hráar fitusýrur úr sundrun, hreinar, eimaðar fitusýrur úr sundrun, hjálparefni til siunar, bleikileir og sápuþætur skulu greind og skjalfest sem hluti af GáHMSS-kerfinu,
 - iii. 1% af framleiðslulotum að því er varðar framleiddar fóðurböndur sem innihalda afurðir sem um getur í i. og ii. lið.

- h) Innflytjendur sem setja eftirfarandi fóður á markað:
- i. 100% af innfluttum framleiðslulotum af hrárrí kókosfeiti, dýrafitu, fisklýsi, olíum og fitu endurheimtum frá stjórnendum matvælafyrirtækja, fitu- og olíublöndur, tókóferól sem fást við útdrátt úr jurtaolíu og tókóferýlasetat sem gert er úr þeim og afurðir sem fengnar eru úr olíum og fitu, að undanskildu eftirfarandi:
 - glýseríni,
 - lesítíni,
 - gúmmíi,
 - afurðum sem um getur í ii. lið,
 - ii. súrar olíur úr efnafræðilegri hreinsun, hráar fitusýrur úr sundrun, hreinar, eimaðar fitusýrur úr sundrun og sápuafætur skulu greind og skjalfest sem hluti af GÁHMSS-kerfinu.

- (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).
- (**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).
- (***) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 frá 19. maí 2015 um skilgreiningu viðmiðana við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (Stjtið. ESB L 125, 21.5.2015, bls. 10).“

c) Í stað 4., 5. og 6. liðar komi eftirfarandi:

„4. Ef stjórnandi fóðurfyrirtækis hefur skrifleg sönnunargögn um að framleiðslulota eða allir hlutar einnar framleiðslulotu, eins og um getur í 2. lið, sem koma inn í starfsstöðina hans hafi þegar verið greindir á fyrra stigi framleiðslu, vinnslu eða dreifingar skal stjórnandinn leystur undan þeirri skyldu að greina þessa framleiðslulotu.

5. Öllum framleiðslulotum, sem eru greindar í samræmi við 2. lið, skulu fylgja skrifleg sönnunargögn um að þessar afurðir, eða allir hlutar hennar, hafi verið greindar eða hafi verið lagðar fram til greiningar á rannsóknarstofu sem hefur fengið faggildingu, sem um getur í 1. lið, að undanskildum þeim framleiðslulotum sem um getur í 2. lið (ii. liður a-liðar), (i. liður b-liðar) (iii. liður c-liðar), (iv. liður c-liðar), (iii. liður d-liðar), (iii. liður e-liðar), (ii. liður f-liðar), (ii. liður g-liðar) og (ii. liður h-liðar).

Sönnun fyrir greiningu skal tengja afhendingu og framleiðslulotuna eða -loturnar, sem voru prófaðar, með ótvíræðum hætti. Þessum tengslum skal lýst í skjalfesta rekjanleikakerfinu sem er notað á athafnasvæði afhendingaraðilans. Ef afhendingin felur í sér fleiri en eina framleiðslulotu eða hluta skulu skriflegu sönnunargögnin, sem skal leggja fram, m.a. vera sönnun fyrir hvern hluta í afhendingunni. Ef prófun er gerð á afurðum, sem sendar eru frá stöð, skal sönnunin um að afurðin hafi verið greind vera skýrslan um greiningu.

Hverri afhendingu afurða, eins og um getur í i. lið b. liðar eða iii. lið c-liðar í 2. lið, skal fylgja sönnun þess að þær séu í samræmi við kröfurnar í i. lið b-liðar eða iii. lið c-liðar í 2. lið. Ef þess er krafist verður að senda sönnun fyrir greiningu á framleiðslulotu eða -lotum, sem hafa verið afhentar, til viðtakanda þegar stjórnandanum berst greiningin frá viðurkenndu rannsóknarstofunum.

6. Ef greining hefur verið framkvæmd á öllum innkomandi framleiðslulotum af afurðum, sem um getur í i. lið g-liðar í 2. lið og fara inn í framleiðsluferli, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og ef tryggt er að framleiðsluferlið, meðhöndlun og geymsla auka ekki díoxínmengunina, skal stjórnandi fóðurfyrirtækisins leystur undan þeirri skyldu að greina afurðina, sem hann sendir frá stöðinni, og skal greina hana þess í stað samkvæmt GÁHMSS-kerfinu.“